

219. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 4. JÚNÍ 2014 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu.

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Skálholt.
 - a) Ábúð í Skálholti.
 - b) Skálholtsskóli, útleiga á gisti- og veitingaþjónustu.
 - c) Fjárhagsáætlun 2014.
3. Fjármál.
 - a) Ársreikningur Jöfnunarsjóð sókna 2013.
 - b) Ársreikningur Þjóðkirkjunnar 2013.
4. Fasteignir.
 - a) Erindi vegna tímabundinnar ráðningar starfsmanns.
 - b) Kapella Ljóssins.
5. Skýrsla kirkjuþingsnefndar um fjármál þjóðkirkjunnar.
6. Tónlistarmál þjóðkirkjunnar.
7. Niðurstaða nefndar um endurskoðun sóknargjalda.
8. Ályktanir Kirkjuþings unga fólksins.
9. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson og séra Gunnlaugur Stefánsson. Birna Konráðsdóttir, varamaður, sat fundinn í fjarveru Katrínar Ásgrímsdóttur.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 218. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

2. SKÁLHOLT

a. Ábúð í Skálholti.

Framkvæmdastjóri kynnti þær umsóknir sem bárust um ábúð í Skálholti. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka samningum við nýja ábúendur, Ásgeir Ásgeirsson og Jónu Þormóðsdóttur.

b. Skálholtsskóli, útleiga á gisti- og veitingaþjónustu.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti tilboð sem borist hafa í útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og Ásbirni Jónssyni hrl. að ganga til samningaviðræðna við ÓG hótél ehf.

Landsbréf hf. hefur óskað eftir viðræðum við kirkjuráð um framtíðar uppbyggingu í Skálholti. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og Ásbirni Jónssyni hrl. að ræða við forsvarsmenn Landsbréfa.

c. Fjárhagsáætlun Skálholts 2014.

Fjárhagsáætlun Skálholts 2014 var lögð fram til kynningar.

3. FJÁRMÁL

a) Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sókna 2013.

Fjármálastjóri lagði fram ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2013.

Kirkjuráð samþykkti ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2013 og var hann undirritaður.

b) *Ársreikningur Þjóðkirkjunnar 2013.*

Fjármálastjóri lagði fram ársreikning þjóðkirkjunnar 2013.

Kirkjuráð samþykkti ársreikning þjóðkirkjunnar 2013 og var hann undirritaður.

Eins og kemur fram í ofangreindum ársreikningum hefur góður árangur náðst í rekstri þjóðkirkjunnar, undanfarin ár, samhliða því að unnið hefur verið að því að verja grunnþjónustu kirkjunnar.

4. FASTEIGNIR

a. *Tímabundin ráðning sérfræðings á fasteignasviði Biskupsstofu.*

Lagt var fram erindi frá sviðsstjóra fasteignasviðs Biskupsstofu, þar sem óskað er eftir heimild til að ráða tímabundið sérfræðing á fasteignasviði til að vinna að gagna- og upplýsingaöflun um kirkjujarðir fyrir vinnuhóp kirkjuráðs sem skipaður var 9. apríl sl.

Vinnuhópurinn mun leggja mat á gögnin og gera tillögur til kirkjuráðs um framtíðarskipan kirkjujarða og hvaða jörðum prestar skuli hafa búsetu á í framtíðinni.

Kirkjuráð samþykkti að heimila ráðningu sérfræðings í tvo mánuði og mun hann starfa í júní og júlí 2014.

b. *Kapella ljóssins.*

Lagt var fram tilboð kaþólsku kirkjunnar í Kapellu ljóssins í Keflavík.

Kirkjuráð samþykkti tilboðið og var sviðsstjóra fasteignasviðs falið að ganga frá sölunni.

5. SKÝRSLA NEFNDAR UM FJÁRMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Formaður nefndar kirkjuþings um fjármál þjóðkirkjunnar, Birna Konráðsdóttir, skilaði skýrslu nefndarinnar og kynnti helstu niðurstöður.

6. TÓNLISTARMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Farið var yfir bókanir kirkjuráðs frá 2010 vegna tónlistarmála kirkjunnar. Rætt var um stöðu mála og auglýsingu Biskupsstofu eftir verkefnisstjóra kirkjutónlistar, sem þegar hefur verið birt. Kirkjuráð leggur áherslu á mikilvægi kirkjutónlistar og að áfram verði unnið að því að styrkja samhæfingu í stjórnslu kirkjutónlistar.

7. ENDURSKOÐUN SÓKNARGJALDA, NIÐURSTAÐA NEFNDAR

Málinu var frestað.

8. KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS, ÁLYKTANIR

Ályktanir Kirkjuþings unga fólksins voru lagðar fram til kynningar og umræðu. Á þinginu, sem fram fór á Biskupsstofu laugardaginn 17. maí sl., voru samþykktar eftirfarandi fimm ályktanir:

1. Ályktun um undirbúning á málum fyrir kirkjuþing unga fólksins.
2. Ályktun um umhverfismál.
3. Ályktun um barna – og æskulýðsmál.
4. Ályktun um réttindi og ábyrgð leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi.
5. Ályktun um skyldur þeirra sem starfa í barna- og æskulýðsstarfi.

9. ÖNNUR MÁL

- a. Bréf frá formanni sóknarnefndar Prestsbakkasóknar um minningarkapellu síra Jóns Steingrímssonar lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa erindinu til fjármálahóps kirkjuráðs.

- b. Skipun í stjórn Skálholtsútgáfunnar.

Kirkjuráð samþykkti að skipa séra Sigfús Kristjánsson í stjórn Skálholtsútgáfunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:05.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Hólum miðvikudaginn 18. ágúst kl. 9:00.

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari